

kostnaðarákvæði hans. Í málskostnað fyrir yfirdómi á áfrýjandi að greiða stefnda 15 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur á að vera óraskaður. Áfrýjandi Guðmundur Guðmundsson greiði hinum stefnda Otta Guðmundssyni í málskostnað fyrir yfirdómi 15—fimmtán—krónur innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 4. júnimán.

Nr. 4/1888.

Stjórnendur sparisjóðs á Ísafirði
gegn

Jakobi bónda Rósinkarssyni.

D ó m u r :

Mál þetta er höfðað í hjeraði fyrir gestarjetti Ísafjardarkaupstaðar af stjórnendum sparisjóðs á Ísafirði gegn Jakobi bónda Rósinkarssyni í Øgri til lúkningar á eptirstöðvum á skuld Þorkels nokkurs Jónssonar, trjesmiðs á Ísafirði, að upphæð 100 kr., er hann hafði tekið ábyrgð á sem sjálfskuldarábyrgðarmaður, en með dómi gestarjettar Ísafjardarkaupstaðar, gengnum 16. dag septembermán. 1887, var Jakob að eins dæmdur til að greiða stefnanda 50 kr. með 7^o/_o vöxtum frá 11. júní 1887 til borgunardags, og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hafa stjórnendur sparisjóðs á Ísafirði skotið til landsyfirdómsins með stefnu, dags. 4. febr. þ. á., og krafizt að hinn stefndi, Jakob Rósinkarsson,

verði dæmdur til að greiða sjer 100 kr. ásamt 7% vöxtum frá 11. júní 1887 til borgunardags og málskostnað fyrir undir- og yfirdómi að skaðlausu. Á hinn bóginn hefur hinn stefndi, Jakob Rósinkarsson, gjört þá aðalkröfu, að hann verði algjörlega sýknadur, en áfrýjandinn dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum rjettum eptir mati yfirdómsins, að minnsta kosti 60 kr., en *til vara* hefur hann krafizt, að gestarjettardómurinn verði staðfestur og áfrýjandinn dæmdur til að greiða allan kostnað málsins fyrir yfirdómi með einhverju að rjettarins mati nægilegu.

Hinn 31. dag maímán. 1883 fjekk Þorkell trjesmiður Jónsson á Ísafirði að láni úr sparisjóði á Ísafirði 600 kr., er hann skuldbatt sig til að endurborga eptir 6 mánaða uppsögn og greiða 5% ársvexti af láninu og að auki, ef hann ekki stæði í öllum skilum, 2% dráttarvexti. Sjálfskuldarábyrgðarmenn fyrir láninu gjörðust þeir Jakob Rósinkarsson (stefndi) og M. Jochumsson s. d. einn fyrir báða og báðir fyrir einn, svo og fyrir hinum umsömdu vöxtum og öllum kostnaði, er sparisjóður kynni að hafa út af láninu. 11. desbr. 1883 tók H. Halldórsson á Ísafirði að sjer ábyrgðina í stað M. Jochumssonar, án þess að Jakobi hafi verið gjört advart um það, eða hann gefið leyfi sitt til.

Árið 1885 greiddi skuldunautur 400 kr. upp íhöfuðstólinn, og virðist eptirstöðvunum hafa verið sagt upp til 11. júní 1887. Greiddi þá H. Halldórsson helming þeirra, en hinn helminginn krafði áfrýjandi stefnda um, og er hann færðist undan að greiða, höfðaði áfrýjandi mál þetta gegn honum.

Stefndi hefur haldið því fram, að hann hafi orðið laus við ábyrgðina, þá er áfrýjandi leysti meðábyrgðarmann hans undan ábyrgðinni. Á þessa skoðun getur yfirdómurinn ekki fallið; því þótt svo væri og álíta mætti, að hann ekki mundi hafa tekizt ábyrgðina á hendur nema í fjelagi við M. Jochumsson, þá er aðgætandi, að staða M. Jochumssonar, er ekki virðist hafa haft neina heimild til að segja sig lausan við ábyrgðina, enn er hin sama og hún upphaflega var gagnvart stefnda. Aðalkrafa hins stefnda verður því ekki til greina tekin.

Þá hefur hinn stefndi haldið því fram, að greiðsla H. Halldórssonar ekki verði skoðuð sem greiðsla af hendi ábyrgðarmanns, heldur sem greiðsla óviðkomandi þriðja manns fyrir hönd skuldunauts, og þykist því eigi skyldur til að greiða nema helming þeirra 100 kr., er greiðast áttu 11. júní 1887. Á þessa röksemdaleiðslu getur yfirdómurinn heldur ekki fallið. Áfrýjanda var heimilt að krefjast borgunar hjá stefnda á þeim 200 kr, sem ógreiddar voru 11. júní 1887, og hefði áfrýjandi gjört það og stefndi borgað sem honum var skylt, var honum heimilt að krefja meðábyrgðarmann sinn um helminginn eða 100 kr., og breytist staða málsins alls ekki við það, að áfrýjandi ekki notaði þennan rjett sinn.

Hinum stefnda ber því að greiða áfrýjandanum 100 kr. og 7% vexti af þessari upphæð frá 11. júní 1887, þangað til greitt verður. Svo er og eptir mála-vöxtum rjett, að hann greiði áfrýjanda málskostnað bæði fyrir undir- og yfirdómi, og þykir hann hæfilega ákveðinn 25 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn stefndi, Jakob Rósinkarsson, á að greiða áfrýjandanum, stjórn sparisjóðsins á Ísarði, 100 kr., 7⁰/₁₀ vexti af þeim frá ¹¹/₆ 1887 þangað til greitt verður, og í málskostnað fyrir undir- og yfirdómi 25 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-
birting hans undir aðför að lögum.

No. 7/1888.

Mánudaginn 25. júnímán.

B. Muus & Co

gegn

Jóni Magnússyni sem fjárráðamanni

Magnúsar Jónssonar.

Dómur:

Með dómi bæjarþingsrjettar Reykjavíkurkaupstaðar, upp kveðnum 3. dag nóvembermán. f. á., var Magnús Jónsson í Bráðræði við Reykjavík dæmdur til að greiða verzlunarhúsinu B. Muus & Co í Kaupmannahöfn 30469 kr. 60 au. með 7⁰/₁₀ vöxtum frá 23. aprílmán. f. á. til borgunardags, og enn fremur 6⁰/₁₀ vexti af 38469 kr. 60 au. frá 1. ágústmán. 1886 til 23. aprílmán. f. ár; málskostnaður var látinn falla niður. Dómi þessum hefur B. Muus & Co áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 24. febr. þ. á., og krafizt þess, að hann verði staðfestur, en hinn stefndi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi. Stefna þessi hefur verið gefin út gegn og birt fyrir Jóni Magnússyni, fjárhaldsmanni Magnúsar Jónssonar, því